

Tillaga til þingsályktunar

um að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu.

Flm.: Inga Sæland, Ásthildur Lóa Þórsdóttir,
Eyjólfur Ármannsson, Guðmundur Ingi Kristinsson,
Jakob Frímagn Magnússon, Tómas A. Tómasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var lögð fram á 150., 151. og 152. löggjafarþingi (48. mál) og er nú lögð fram að nýju óbreytt.

Nú er liðinn meira en áratugur frá því að Ísland sótti um að hefja aðildarviðræður um inn-
göngu í Evrópusambandið og átta ár frá því að hlé var gert á aðildarviðræðum. Samninga-
nefnd Íslands var leyst upp árið 2013 og vorið 2015 sendi þáverandi utanríkisráðherra bréf
til formanns ráðherraráðs Evrópusambandsins og framkvæmdastjóra nágrannastefnu og
aðildarviðræðna sambandsins þess efnis að ríkisstjórn Íslands hefði engin áform um að hefja
aðildarviðræður að nýju og að ekki bæri að líta á Ísland sem umsóknarríki. Ákveðin óvissa
ríkir þó um stöðu aðildarumsóknar Íslands.

Í kjölfar bréfsins lýsti talsmaður stækkunardeildar Evrópusambandsins því yfir að sam-
bandið liti ekki svo á að Ísland hefði dregið aðildarumsóknina til baka og að bréfið væri ekki
ígildi uppsagnar. Á vef Evrópusambandsins er sagt að breytingar hafi verið gerðar á verklagi
í kjölfar þess að ríkisstjórn Íslands hafi beðið um að ekki yrði litið á Ísland sem umsóknarríki.
Ekki er þó ljóst hvort Evrópusambandið liti svo á að umsóknin hafi verið dregin til baka eða
hvort sambandið hafi einungis fært Ísland af lista yfir umsóknarríki til málamynda en telji
umsóknina enn fullgilda.

Aðildarumsókn Íslands var lögð fram í kjölfar þess að Alþingi samþykkti þingsályktunar-
tillögu þess efnis að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn um aðild Íslands að Evrópu-
sambandinu. Alþingi hefur aftur á móti aldrei samþykkt tillögu um að umsóknin verði dregin
til baka. Tillögu þess efnis hafa verið lagðar fram en ekki hlotið brautargengi.

Þessi þingsályktunartillaga er lögð fram til þess að tryggja að Ísland dragi til baka umsókn
sína um aðild að Evrópusambandinu.